



MENNTASTEFNA

2016-2030



Sveitarfélagið
Hornafjörður

Lærum allt lífið



Hönnun og umbrot: Tjörvi Óskarsson
Útgefið af Sveitarfélagi Hornafjarðar, 2016.
Ljósmyndir frá starfsmönnum skólastofnana



DRÖG

INNGANGUR

I lögum um leik- og grunnskóla er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Á fundi skóla-, íþróttá- og tómstundanefndar 31. janúar 2014 var ákveðið að endurskoða skólastefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem síðast hafði verið uppfærð árið 2009. Á fundinum var einnig ákveðið að ný stefna yrði menntastefna sem næði yfir nám alla ævi, sett yrðu fram markmið til næstu 15 ára og að stefnuna skyldi vinna í samvinnu við sem flesta íbúa sveitarfélagsins, starfsfólk og stjórnendur skólanna, aðila atvinnulífsins og

aðra hagsmunaaðila. Menntastefnan sem hér birtist endurspeglar hugmyndir og sýn íbúa á öllum aldri til menntamála og framtíðarþróunar í sveitarfélaginu. Fræðslustjóri og verkefnastjóri skolaskrifstofu sáu um skipulagningu og framkvæmd verksins og ráðinn var ráðgjafi að því. Þann 29. mars 2014 var haldið menntaþing sem um 50 manns sóttu og markaði það upphafspunkt stefnumótunarvinnunnar. Alls komu um 295 íbúar að mótu þessarar stefnu, hún gildir til ársins 2030 og skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti hið minnsta.

FRAMTIÐARSÝN OG MARKMIÐ

Sveitarfélagið sinnir menntamálum af alúð og rekur öflugt starf í leik-, grunn- og tónskólum auk Vöruhúss; miðju skapandi greina. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að styðja við nám í framhaldsskóla, framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu) og nám á háskólastigi.

Framtíðarmarkmið menntastefnunnar eru dregin fram úr niðurstöðum þeirra hópa sem tóku þátt í móturn hennar. Þær niðurstöður vísa á eftirtalin markmið:

- **Nám miðast við framtíðina.**
- **Nám er sveigjanlegt og einstaklingsmiðað.**
- **Nám felur í sér sköpun.**

Gera má ráð fyrir að örarár tækni-, samfélags- og umhverfisbreytingar muni setja mark sitt á Sveitarfélagið Hornafjörð næstu 15 árin. Sumar breytingar eru fyrirsjáanlegri en aðrar, meðal annars er fyrirsjáanlegt að:

- **Mörg störf sem unnin eru af Hornfirðingum í dag verða tæknivædd um leið og ný störf skapast sem krefjast nýrrar þekkingar.**
- **Auknir fólkスflutningar um heim allan munu hafa áhrif á samfélagsgerð og atvinnuhætti. Heimurinn „minnkar“ en verður um leið flóknari með vaxandi fjölmenningu.**
- **Ný upplýsingatækni mun skapa tækifæri til náms og starfa sem ekki eru til staðar í dag.**

Eitt af mikilvægustu verkfærunum til þess að vinna með breytingar er menntakerfið og ein leið til þess að takast á við þær er að auka tækifæri og fjölbreytni í námsframboði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þannig fá allir betur notið hæfileika sinna og eiga möguleika á að endurskoða reglulega hvar kraftar þeirra nýtast best. Nám alla ævi er ekki einungis hluti af því

að bregðast við ófyrirsjáanlegum breytingum heldur einnig hluti af því að hlúa að sjálfum sér. Aukin fjölbreytni í námsframboði skilar sér í hærra menntunarstigi íbúa og þar með í aukinni menntamenningu. Menntamenning miðar að því að:

- **Auka virðingu fyrir hvers kyns formlegu og óformlegu námi.**
- **Fjölga tækifærum og hvetja íbúa til að efla menntun sína.**
- **Auðvelda aðgengi að námi í samstarfi við skóla, atvinnulíf, nærsamfélag, tómstundastarf og íbúana sjálfa.**
- **Gera nám sýnilegt og nýta það til uppbyggingar og þróunar samfélagsins.**

Til bess að styrkja menntamenningu í sveitarfélagini er mikilvægt að horfa heildraent til allra þáttta. Leggja þarf áherslu á að þeir sem koma að fræðslustarfi vinni saman að því að mynda samstæða heild í þeim tilgangi að tryggja samræmi og samhengi í menntun frá leikskóla til framhaldsfræðslu og háskóla. Þannig fá nemendur skilið tilgang og mikilvægi menntunar fyrir framtíð sína. Námsframboð byggir einnig á samstarfi við nærsamfélag og atvinnulíf og tekur mið af örum tækni- og samfélagsbreytingum. Þær stofnanir sem sinna formlegu námi gegna sérstöku hlutverki í því samhengi. Formlegu námi er ætlað að leggja grunninn að því að einstaklingar hafi forsendur og hæfni til þess að nýta sér tækifæri til frekara náms út frá eigin framtíðarmarkmiðum og styrkleikum.





URÖG





DRÖG

LEIKUR, NÁM OG KENNSLA.



Sveitarfélagið Hornafjörður er aðili að verkefninu „Heilsueflandi samfélag“. Áherslur þess verkefnis eru samofnar starfi leik- og grunnskóla sem eru heilsueflandi skólar. Í leik- og grunnskólum er einnig starfað eftir Uppbyggingarstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Þannig er markvisst unnið að aukinni meðvitund um mikilvægi góðrar heilsu og leiðum til að viðhalda henni en einng að styrkja og efla sjálfsvitund, samskiptafærni og persónulegan þroska einstaklinga. Áhersla er á að:

- **Þjálfa sjálfstjórni og sjálfssaga.**
- **Efla vitund um að hver einstaklingur ber ábyrgð á eigin heilsu og að val á lífsstíl hefur áhrif á heilsu.**
- **Efla þor nemenda til þess að tjá hugsanir sínar og elta forvitni sína.**
- **Veita nemendum tækifæri til þess að**

beita sjálfstæðri hugsun og taka þátt í gagnrýnum umræðum.

- **Veita nemendum tækifæri til þess að gera tilraunir, læra af reynslunni og prófa**

Leikur er eðlileg aðferð barnsins til skilnings, náms og þroska hvort sem er í leikskóla eða grunnskóla. Skólarnir eru vettvangur fjölbreytileikans þar sem nemendur stunda einstaklingsmiðað nám í samræmi við þroska, þarfir og getu, þar sem sterkar hliðar nemandans fá að njóta sín.

Lögð er áhersla á:

- **fjölbreytta kennsluhætti,**
- **Að nýta tækifæri sem menning, náttúra og annað umhverfi nársamfélagsins býður upp á.**
- **Að öllum börnum og ungmennum sé sýnd virðing, hlýja og umhyggja.**



HEIMILI OG SKÓLI Á BYRGÐ

Foreldrar eru mikilvægustu manneskjurnar í lífi barna sínna. Þeir bera ábyrgð á uppeldi og námi þeirra í samvinnu við skólana. Áhugi, ábyrgð og áhrif foreldra á skólastarf, auk jákvæðra viðhorfa og hvatningar til náms getur skipt sköpum fyrir námsrangur, almenna líðan og velferð nemenda:

- **Samstarf og samskipti milli foreldra og starfsmanna skal byggjast á samvinnu, gagnkvæmri upplýsingagjöf, virðingu og trausti.**
- **Hagsmunir nemenda skulu hafðir að leiðarljósi í öllu samstarfi.**

- **Skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla vinna með foreldrum og starfsfólki skólanna að eflingu menntunar og skólapróun.**

Í aðalnámskrám allra skólastiga eru dregnir fram grunnþættirnir; læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi. Þessir þættir skulu fléttast sem rauður þráður gegnum allt nám. Þeir eru grunnur að því að lifa, vaxa og dafna í lýðræðislegu samfélagi.



AÐBÚNAÐUR OG UMHVERFI

Umhverfi skólanna, jafnt innan dyra sem utan, hvetur til náms og þroska samhliða því að stuðla að vellíðan og heilbrigði.


- Margbreytilegt umhverfi og stórbrotin náttúra sveitarfélagsins er hluti af námsaðstæðum og nýtt sem tækifæri til að efla umhverfisvitund.
- Húsnaði, aðbúnaður og tæki uppfylla kröfur um hollustuhætti og öryggi.





DRÖG

FAGMENNNSKA OG STARFSÐRÓUN



Grunnurinn að metnaðarfullu og faglegu skólastarfi er fólginn í áhugasömu og vel menntuðu starfsfólk. Kröfur til skólastarfs breytast stöðugt og stjórnendur sjá til þess að þekking þeirra sem koma að fræðslu sé í takt við þarfir nemenda og samfélagsþróun.

Til þess að starfsþróun sé markviss og árangursrík viðhalda starfsmenn þekkingu sinni og auka með reglulegri símenntun. Áhersla er á:

- **Faglega forystu stjórnenda í skólapróun.**
- **Að auka gæði náms.sem boðið er upp á í sveitarfélagit.**
- **Að auka starfsánægju og draga úr kulnum eða brotthvarfi úr starfi.**
- **Að tryggja aðgang að þekkingu, aðbúnaði og aðstöðu svo starfsfólk geti þráð og nýtt nýjustu tækni í kennslu.**
- **Að tækja- og tölvubúnaður sé í takt við tæknipróun hverju sinni.**
- **Öflugt samstarf skólaskrifstofu við skólastjórnendur og starfsfólk skólanna.**
- **Samstarf milli skólastiga og menntastofnana.**
- **Samstarf menntastofnana við Vöruhús, menningar- og atvinnulíf.**



URGE

SKIPULAG FRÆÐSLUMÁLA OG ÁBYRCÓ

Starfshættir í skólum Sveitarfélagsins Hornafjarðar taka mið af lögum og reglugerðum er varða leik-, grunn- og tónskóla, aðalnámskrám og menntastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskrár leggja grunn að hugmyndafræði og skipulagi hvers skóla. Fræðslu- og tómstundanefnd sveitarfélagsins fer með fræðslumál í umboði bæjarstjórnar og sinnir eftirliti með framkvæmd skólastarfs. Fræðslustjóri er starfsmáður nefndarinnar og yfirmaður skolaskrifstofu, hlutverk hans er m.a. að:

- **Fylgja eftir ákvörðunum fræðslu- og tómstundanefndar.**
- **Fylgja eftir úttektum á ytra og innra mati.**
- **Taka þátt í stefnumótunarvinnu með starfsfólk skólanna.**
- **Styðja við fagmennsku stjórnenda í skólastarfi.**
- **Hvetja til og styðja þróunarstarf í samræmi við markmið og þarfir skólanna, menntastefnu og sérstök markmið sveitarfélagsins.**
- **Koma að símenntunaráætlunum sem taka mið af markmiðum skólanna og þörfum einstakra starfsmanna**



RÁÐGJÖF

SKÓLAÐJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Hlutverk skólaskrifstofu sveitarfélagsins er að styðja skólastarf og veita faglega og rekstrarlega ráðgjöf ásamt aðstoð við úrlausnir einstaklingsmála þegar þess er óskað. Skólaskrifstofa veitir eða hefur milligöngu um að útvega nemendum, starfsfólki og foreldrum þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Hluti af því er þverfaglegt samstarf við aðra þjónustu í sveitarfélagini svo sem félags- og heilbrigðisþjónustu.

